

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framlengd er áður ákvörðuð gæsluvarðhaldsvist Kristjáns Arnar Kristjánssonar, fædds 11. desember 1952, til heimilis að Bankastræti 6, Reykjavík, frá 10. desember 1983, kl. 1800 að telja, til jafnlangdar þann 10. janúar 1984.

Föstudaginn 16. desember 1983.

Nr. 169/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Birgi Björnssyni

(Örn Clausen hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. júlí sl. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Fallið hefur verið frá tilvitnun í ákæruskjali til áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 28. október sl.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sakarmat, og verður ákærða refsað samkvæmt þeim ákvæðum umferðarlaga, sem þar greinir. Refsing ákærða verður ákveðin 8.000.00 króna sekt, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu þessa dóms. Vararefsing skal vera 10 daga varðhald. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað í héraði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmans. 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Björnsson, greiði 8.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 7.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23. júní 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 23. júní, var á dómþingi sakadóms Mýra- og Borgarfjararsýslu, sem haldið var á skrifstofu dómsins að Bjarnarbraut 2 í Borgarnesi af Ásgeiri Magnússyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Birgi Björnssyni, sem tekið var til dóms 13. júní sl.

Með ákæru, dags. 10. júní 1982, var opinbert mál höfðað á hendur Birgi Björnssyni verkamanni, til heimilis að Helgugötu 1 í Borgarnesi, fæddum 23. september 1941 í Borgarnesi, fyrir að aka sunnudaginn 21. mars 1982 undir áhrifum áfengis bifreiðinni M 3127 frá Kveldúlfsgötu 24 í Borgarnesi að Borgarbraut 58 þar í þorpinu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfis sviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakakostnaðar.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1960 22/3 í Reykjavík: Sátt, 150. kr. sekt fyrir ölvun.

1963 8/3 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1965 12/4 í Hafnarfirði: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 21. gr. áfengislaga.

1965 26/11 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Greiði skaðabætur kr. 1.324.00.

- 1967 11/1 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1968 2/5 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1968 22/10 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Dómur: 6 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 1/11 1968).
- 1971 24/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1974 13/3 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1976 30/6 á Eskifirði: Dómur: 45.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 4/2 1976.

Málavextir.

Sunnudaginn 21. mars 1982, kl. 1420, hringdi Kristvin Ómar Jónsson, lögregluamaður í Borgarnesi, á lögreglustöðina og tilkynnti um, að ákærði, Birgir Björnsson, hefði þá skömmu áður ekið bifreið sinni, M 3127, hratt og ógætilega frá fjölbýlishúsinu að Kveldúlfsgötu 24 í Borgarnesi. Kvaðst Kristvin Ómar vera þess fullviss, að ákærði væri ölvaður. Lögregluþjónn, sem fór á vettvang til að athuga málið, sá þó ekki til ferða bifreiðarinnar fyrst í stað, en er hann ók fram hjá Bílasölu Vesturlands að Borgarbraut 58, þá sá hann, hvar bifreiðin M 3127 stóð þar mannlús fyrir utan. Lögregluamaðurinn ók síðan áfram um kaupúnið og um kl. 1450, er hann ók austur Skúlagötu, þá sá hann til ferða M 3127 og stöðvaði akstur hennar. Ákærði í máli þessu sat þá í fremra farþegasæti bifreiðarinnar, en ökuamaður hennar þá var Leifur Dagur Ingimundarson. Voru þeir færðir til yfirheyrslu á lögreglustöðina. Ákærði virtist nokkuð ölvaður að sjá og var ekki fánlegur til að gera viðhlítandi grein fyrir ferðum sínum og bifreiðarinnar M 3127 frá Kveldúlfsgötu 24 að Borgarbraut 58. Var þá tekið blóðsýni úr ákærða til alkóhólrannsóknar.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu síðar um daginn neitaði ákærði sakargiftum og neitaði því jafnframt, að hann hefði verið á Kveldúlfsgötu 24 þá um morguninn.

Er ákærði kom fyrir sakadóm morguninn eftir, hélt hann fast við fyrri framburð sinn um, að hann hefði ekki ekið bifreiðinni M 3127 frá Kveldúlfsgötu 24 að Borgarbraut 58 í umrætt sinn og að hann hefði aldrei komið að Kveldúlfsgötu 24 á þeim tíma. Kvaðst ákærði hafa verið að skemmta sér þá um nóttina á Hótel Borgarnesi til kl. 0300, en þá hefði hann farið

heim til sín að Helgugötu 1 í Borgarnesi. Kvaðst ákærði hafa drukkið nokkuð áfengi á dansleiknum og orðið nokkuð ölvaður. Er hann kom heim, þá hafi hann lagst til svefns og sofið einhverja stund. Hann hafi svo vaknað líklega undir morgun og hafi hann þá líklega gengið út og farið eitthvað niður í bæ. Kvaðst ákærði þó muna þetta allt mjög óglögg. Kvaðst hann hafa fengið pilt, sem hann hafi hitt, til að aka sér á bifreið sinni, M 3127. Hafi hann ekkert þekkt pilt þennan, en hann muni heita Steinþór Páll Garðarsson. Hafi Steinþór Páll ekið sér um götur Borgarness og um nágrannasveitir, en síðan hætt akstrinum við Bílasölu Vesturlands við Borgarbraut og skilið sig þar eftir með bifreiðina. Þar á staðnum kvaðst ákærði svo hafa hitt annan pilt, sem hann hefði fengið til að aka sér áfram um götur Borgarness, og hafi þeir ekið saman, allt þar til lögreglan stöðvaði aksturinn.

Ákærði kveðst ekki hafa neytt neins áfengis, eftir að hann fór af dansleiknum að Hótel Borgarnesi umrædda nótt, allt þar til lögreglan hafði afskipti af honum.

Vitnið Kristvin Ómar Jónsson lögregluþjónn, Kveldúlfsgötu 24, Borgarnesi, hefur skýrt svo frá í sakadómi og staðfest þann framburð með eidi, að hann hafi verið staddur í svefnherberginu heima hjá sér að Kveldúlfsgötu 24, 3. hæð, þegar hann hafi séð út um gluggann, hvar ákærði steig upp í bifreið sína, M 3127, sest undir stýri hennar og ekið af stað eftir Kveldúlfsgötunni svo langt sem hann sá. Kvaðst vitnið ekki vera í neinum vafa um, að ákærði hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn og undir áhrifum áfengis. Hafi hann séð ákærða greinilega, þegar hann settist undir stýri bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið og hafa haft vitneskju um ölvun ákærða, því vitnið hafi verið við dyravörslu á Hótel Borgarnesi þá um nóttina og hafi þá veitt því athygli, er ákærði var að yfirgefa staðinn um kl. 0300, en ákærði hafi þá sýnilega verið undir verulegum áhrifum áfengis. Einnig kvaðst vitnið hafa séð til ferða ákærða, er hann kom í fylgd Steinþórs Páls að Kveldúlfsgötu 24 um kl. 1230 umræddan dag, en þá hafi ákærði sýnilega verið ölvaður. Hafi Steinþór Páll þá ekið bifreiðinni M 3127 og síðan lagt henni fyrir framan Kveldúlfsgötu 24, en að því loknu gengið heim til sín að Kveldúlfsgötu 18. Ákærði hafi hins vegar haldið til vitnisins Ásgeirs Jenssonar, þar sem hann hafi svo verið í gleðskap, þar til hann yfirgaf staðinn um kl. 1420. Vitnið tók og fram, að akstur ákærða í umrætt sinn hefði verið sérlega ógætilegur miðað við aðstæður, því að á bílastæðinu og þar í kring hefðu börn verið að leik og ákærði hefði ekið hratt og gáleysislega fram hjá þeim.

Vitnið Ásgeir Jensson, Kveldúlfsgötu 24, Borgarnesi, skýrði svo frá, að ákærði hefði komið heim til sín að Kveldúlfsgötu 24 um hádegisbilið í umrætt sinn. Hefði ákærði verið nokkuð drukkin og hefðu þeir drukkið

saman á staðnum kaffi með brennivíni út í. Taldi vitnið, að ákærði hefði líklega drukkið um tvo tvöfalda sjússa þann tíma, sem hann dvaldi á staðnum. Ekki vissi vitnið, hvernig ákærði kom á staðinn né hvernig hann fór þaðan.

Vitnið Guðrún Þórisdóttir, eiginkona Ásgeirs, hefur og staðfest, að ákærði hafi komið að Kveldúlfsgötu 24 í umrætt sinn. Sagði hún ákærða hafa verið allnokkuð drukinn á þeim tíma.

Vitnið Steinþór Páll Garðarsson, Kveldúlfsgötu 18, Borgarnesi, hefur skýrt frá því, að hann hafi hitt ákærða síðla nætur í umrætt sinn og hafi hann þá beðið sig um að aka sér heim í bifreiðinni M 3127. Ákærði hafi síðan beðið vitnið að aka sér áfram, og kveðst vitnið hafa ekið ákærða um götur Borgarness og vegi í nágrenninu með viðkomu á a. m. k. tveimur stöðum, allt þar til vitnið hafi hætt akstrinum við Kveldúlfsgötu 24, en þá hafi ákærði ætlað að heimsækja Ásgeir Jensson. Sagði vitnið, að ákærði hefði verið allnokkuð drukinn, er þeir hittust um nóttina. Ákærði hefði síðan drukkið nokkuð áfengi, á meðan á ökuferð þeirra stóð, og hefði ákærði verið augljóslega drukinn, er þeir skildu. Vitnið kvaðst hafa að beiðni ákærða afhent honum lyklna að bifreiðinni, er þeir skildu að Kveldúlfsgötu 24.

Vitnið Leifur Dagur Ingimundarson, Gillastöðum, Reykhólasveit, hefur skýrt frá því, að hann hafi hitt ákærða á Bílasölu Vesturlands í umrætt sinn. Hafi ákærði þá borið þess greinileg merki að vera ölvaður. Hafi ákærði beðið vitnið að aka fyrir sig bifreið ákærða, M 3127, og hafi vitnið fallist á það, en lögreglan hafi svo stöðvað akstur þeirra að stuttri stund liðinni. Kvaðst vitnið ekki geta sagt neitt um það, hvort ákærði hefði neytt einhvers áfengis, eftir að þeir hófu aksturinn. Ekki gat vitnið heldur fullyrt neitt um það, hvernig ákærði kom að Bílasölu Vesturlands, áður en vitnið hóf að aka honum, og hefði ákærði ekkert minnst á að hafa ekið bifreið þá fyrr um daginn. Hins vegar hefði ákærði sagst hafa vaknað þá um morguninn í blokk þar á staðnum.

Vitnið Þórður Sigurðsson yfirlögregluþjónn, Böðvarsgötu 11, Borgarnesi, hefur staðfest lögregluskýrslu, sem hann gerði vegna máls þessa (dskj. IV — 1) og varðstjóráskýrslu (dskj. IV — 2) sem réttar.

Niðurstaða.

Ákærði hefur neitað því að hafa ekið bifreiðinni M 3127 frá Kveldúlfsgötu 24 í Borgarnesi að Borgarbraut 58 sunnudaginn 21. mars 1982. Heldur hann því fram, að vitnið Steinþór Páll Garðarsson hafi ekið sér að Borgarbraut 58 og skilið þar við sig. Vitnið Steinþór Páll heldur því hins vegar fram, að hann hafi stöðvað bifreið ákærða að Kveldúlfsgötu 24 og skilið þar við ákærða og jafnframt afhent honum þar lyklna að bifreiðinni. Vitn-

ið Kristvin Ómar Jónsson hefur og staðfest að hafa séð, er ákærði kom ásamt Steinþóri Páli að Kveldúlfsgötu 24 í umrætt sinn. Hefur dvöl ákærða að Kveldúlfsgötu 24 og verið staðfest af vitnunum Ásgeiri Jenssyni og Guðrúnu Þórisdóttur. Vitnið Kristvin Ómar Jónsson kveðst síðan hafa séð tæpum tveimur klukkustundum síðar, er ákærði steig upp í bifreiðina M 3127, settist undir stýri hennar og ók af stað eftir Kveldúlfsgötu. Hefur vitnið staðfest þetta með eiði.

Þegar framangreint er virt, verður að telja fullsannað, að ákærði hafi komið með vitninu Steinþóri Páli að Kveldúlfsgötu 24 í umrætt sinn og að nefndur Steinþór Páll hafi þar hætt akstri bifreiðarinnar M 3127. Þegar hafður er í huga rangur framburður ákærða að þessu leyti og að ekkert hefur komið fram í máli þessu, sem skýrir á annan hátt för bifreiðarinnar M 3127 frá Kveldúlfsgötu 24 að Borgarbraut 58 eða veikir á annan máta skýran og afdráttarlausan framburð vitnisins Kristvins Ómars Jónssonar lögregluþjóns, þá þykir verða að telja fullsannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni, M 3127, frá Kveldúlfsgötu 24 að Borgarbraut 58 í umrætt sinn. Þá þykir og sannað með framburði vitna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, og þykir verða að leggja niðurstöðu alkóhólrannsóknar til grundvallar refsingu og öðrum viðurlögum í málinu, þar sem ekkert hefur komið fram um, að ákærði hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk að Borgarbraut 58.

Atferli ákærða þykir vera réttilega fært til refsíákvæða í ákæru.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 6.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 10 daga, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.500.00.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Björnsson, greiði kr. 6.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns, 4.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.